



Móttöku eldhús



Starfsmann í móttökueldhús og þvottahús vantar í 100% starf við Heilsuleiksskólann Kærabæ á Kirkjubæjarklaustri.

Leitað er eftir drífandi og metnaðarfullum einstaklingum. Kærabær er tveggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum eins til sex ára. Starfið lýtur að móttöku og framreiðslu matvæla, uppvaski, almennum þrifum á eldhúsi og kaffistofu starfsmanna ásamt umsjón með þvotti og þvottahúsi leikskólans.

MENNTUNAR- OG HÆFISKRÖFUR

- Góð íslenskukunnátta er æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og frumkvæði í starfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Stundvísi og góð ástundun
- Hreint sakavottorð

Umsóknum skal skilað á vef Heilsuleiksskólans Kærabæjar á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem finna má á heimasíðu leikskólans <http://kaeribaer.leikskolinn.is/Upplýsingar/Starfsumsokn>

Með umsókn skal fylgja ferilskrá, meðmælendur og sakavottorð.

Skólastjóri áskilur sér rétt til að hafna umsóknum sem ekki uppfylla þau skilyrði sem til þarf. Hvetjum bæði karla og konur til að sækja um skemmtilegt starf.

Elísabet Gunnarsóttir, skólastjóri Kirkjubæjarskóla.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

<http://kaeribaer.leikskolinn.is>

Aðstoðarleiksskólastjóri

☎ 487 4803

UMSÓKNARFRESTUR

Til og með 26. september 2025



Kirkjubæjarklaustur er í Skaftárhreppi um 250 km austur af Reykjavík. Í sveitarfélaginu búa um 700 íbúar. Þar eru gildin virðing, jákvæðni, samstaða og sjálfbærni höfð að leiðarljósi. Á Klaustri er taktur lífsins rólegri, þar bjóðast spennandi atvinnutækifæri og möguleikar til útivistar í einstakri náttúrufegurð eru óþrjótandi. Velkomin heim.